

Skeiða- og Gnúpverjahreppur	
Bnr. 00	K/S 7.2.18
Ábm.	Svfr.
Afgr. Jónsdóttir	() Bréf () St.
Lvm.	Trm.

Sveitarfélög

Reykjavík, 6. febrúar 2018

Tilvísun ÞÍ: 2017070759/4.5

Efni: Breytingar á gerð kjörskrárstofns

Þjóðskrá Íslands tilkynnir hér með breytingar á skráningu námsmanna á Norðurlöndunum á kjörskrá fyrir sveitarstjórnarkosningar. Breytingarnar felast í því að umræddir námsmenn þurfa nú að sækja um það rafrænt til Þjóðskrár Íslands að vera teknir á kjörskrá fyrir sveitarstjórnarkosningar.

Umsóknareyðublað verður á vef Þjóðskrár Íslands, www.skra.is, og verður tilskilið að framvísa staðfestingu á námsvist. Gert er ráð fyrir því að makar og skyldulið námsmanna sækji á sama hátt um kjörskrárskráningu með tilvísun í viðkomandi námsmann. Umsóknarferlið verður viðhaft fyrir hverjar sveitarstjórnarkosningar.

Um er að ræða sambærilegt fyrirkomulag og tíðkað er fyrir alþingiskosningar, forsetakosningar og þjóðaratkvæðagreiðslur. Íslendingar sem hafa haft lögheimili erlendis lengur en 8 ár þurfa reglulega að endurnýja kosningarétt sinn með því að sækja um það til Þjóðskrár Íslands. Fyrirkomulagið er því vel þekkt og mun Þjóðskrár Íslands leggja áherslu á góða kynningu á þessum breytingum og mun nýta bæði fjölmiðla og netmiðla til þess. Hafa umræddar breytingar verið kynntar fyrir dómsmálaráðuneytinu sem og sambandi íslenskra sveitarfélaga og Reykjavíkurborg.

Vill Þjóðskrár Íslands með bréfi þessu upplýsa sveitarfélög um ofangreindar breytingar og óska eftir góðu samstarfi við sveitarfélög og yfirkjörstjórnir sveitarfélaganna. Nánari upplýsingar veitir Árný Guðrún Ólafsdóttir í síma 515 5300 eða með tölvupósti á ago@skra.is

F.h. Þjóðskrár Íslands



Astríður Jóhannesdóttir
sviðsstjóri